



Kennari: Guðríður Egilsdóttir

Skammstöfun: GE

Áfangalýsing: Nemendur kynnast störfum bakara og kjötiðnaðarmanna, í hverju störfunum eru fólgin við hvaða aðstæður störfin fara fram og hversu stór þáttur samskipti við aðra fylgja störfunum. Verða kynnt fyrirtæki sem geta tekið á móti nemendum í vinnustaðanám. Nemendur velja sér 1-2 fyrirtæki sem þau vinna í samtals 24 klst með ferðum til og frá vinnustað. Vinnutíminn ræðst af því hve mikið er að gera á þeim vinnustöðum sem að nemendur velja, vinnutíminn getur farið fram að hluta til á kvöld eða um helgar. Nemendur fá matsblöð sem útfyllist af kennara/ tilsjónamanni á vinnustaðnum þar kemur fram m.a. áhugi, ástundun, stundvísi, umgengni og að nemandinn klæðist viðeigandi fatnað við störfin.

Forkröfur: Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi störfum í ferða- og matvælagreinum, í hverju þau eru fólgin og hvar þau fara fram
- fjölbreytni starfa í ferða- og matvælagreinum
- hvernig návígi við viðskiptavini er háttað í störfum í ferða- og matvælagreinum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- takast á við margbreytileg störf í ferða- og matvælagreinum
- umgangast viðskiptavini á viðurkenndan hátt
- vinna við öll grunnstörf er tengjast ferða- og matvælagreinum og gera sér grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til starfsmanna

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna við mismunandi störf í ferða- og matvælagreinum
- bregðast við þeim kröfum sem gerðar eru til starfa í ferða- og matvælagreinum
- umgangast viðskiptavini á faglegan og viðurkenndan hátt
- annast helstu grunnstörf í ferða- og matvælagreinum

Námsefni:

Ljósrit, efni af neti o.fl.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni (kennslubók)	Verkefni
13 jan.-9 feb.	Kynning á vinnustöðum sem velja á í verklega þjálfun	val
10 feb.9 mars.	Heimsókn á vinnustaði	val
10 mars-6 apríl.	Vinnustaða kynning og þjálfun	Skil á gátlista v/ vinnustaðanáms
7 apríl-4 maí	Vinnustaða kynning og þjálfun	Skil á gátlista v/ vinnustaðanáms
5 maí-15 maí.	Vinnustaða kynning og þjálfun 5 maí. er síðasti dagur til að skil inn starfsþjálfunar blöðum.	Skil á tékklista v/ vinnustaðanáms

Sérreglur áfangans: Nemendur mæta á réttum tíma á þá vinnustaði sem valdir hafa verið með gátlista í kokkajakka, svörtum buxum og svörtum skóm. Í áfanganum getur verið um viðbótarkostnað að ræða vegna vetfangs- og vinnuferða. Nemendur þurfa að fylgjast með dagskrá komandi viku inn á innu og bera sjálfir ábyrgð á því að mæta undirbúnir í tíma. Mikilvægt er fyrir nemandann að vera með heimilistryggingu.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Vinnustaðanáms Kynning	Stutt samantekt af hverju vinnustaðanámi fyrir sig, ásamt ferilblaði frá kennara/ tilsjónamanni á vinnustað sem unnið var á. Stutt munnlega kynningu á vinnustaðanámi.	20%
Ástundun	Mæting og ástundun á vinnustöðum	80%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Kennari

Guðríður Egilsdóttir